

# Stjórnarfundur LH 16. október 2009

## 10. fundur. Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru: Haraldur Þórarinsson, Vilhjálmur Skúlason, Sigurður Ævarsson, Sigrún Þórðardóttir, Oddur Hafsteinsson, Sigrún Valdimarsdóttir, Ísleifur Jónasson og Maríanna Gunnarsdóttir

Fundarritun í höndum Oddrún Ýr Sigurðardóttur og Þórdísar Önnu Gylfadóttur,

### 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og eftirfarandi liðir voru ræddir og staða breyst:

- 1.1 **Reiðvegamála**, sjá svar frá reiðveganefnd í fundargerð nr 10
- 1.2 **Bréf frá Samgöngunefnd**, málið er í höndum endurskoðanda LH.
- 1.3 **Skógarhólar ehf.** Sigríður Sigbórsdóttir hefur óskað eftir því að vera ekki í nefndinni, eftirfarandi hafa verið skipaður Kjartan Ragnarsson, Haraldur Þórarinsson og Gunnar Sturluson.
- 1.4 **Heimsmeistaramót**, skýrslur hafa ekki borist frá dýralækni, landsliðseinvaldi og landsliðsnefnd, óskað var eftir því að þær yrðu komnar fyrir næsta stjórnarfund.
- 1.5 **Formannafundur og LM ráðstefna** verða haldin sameiginlega þegar formannafundur LH verður.
- 1.6 **Æskulýðsráðstefna**, var slegin af vegna ónægrar þátttöku.
- 1.7 **U21 nefnd**, óskað var eftir fjárhagsáætlun ásamt því að skoðun vinnureglna verði frestað til næsta fundar.
- 1.8 **Staðarval á Landsmót** 2012 og 2014. Mannvirkjanefnd hefur farið í gegnum umsóknir og mun skila niðurstöðum fyrir næsta stjórnarfund eftir formannafund LH. Formaður mannvirkjanefndar mun skýra frá stöðu mála á formannafundi LH.
- 1.9 **Ráðstefna um smitsjúkdóma** verður haldin í janúar.
- 1.10 **Hestatorg**, óskað mun verða eftir uppgjöri síðasta Hestatorgs frá verkefnisstjóra.

Önnur atriði fundargerðar voru samþykkt.

### 2. Formannafundur

Óskað hefur verið eftir starfsskýrslum frá nefndum ásamt því að óskað hefur verið eftir málefnum til þess að ræða hjá formönnum aðildarfélaga LH. Dagskrá fundarins verður svo unnin með óskir félaganna að leiðarljósi. Dagskrá verður send á stjórn með fyrirvara.

HÞ hefur óskað eftir því við Bjarna Snæbjörnsson að halda fyrirlestur um „Gildi félagsstarfs“.

Starfsmenn hafa verið tilnefndir:

Fundarritarar Oddrún Ýr og Þórdís Anna.

Fundarstjóri Valtýr Valtýsson.

### 3. Landsmót e..h.f

Kynntar voru tillögur um skipulag keppnisgreina næsta landsmóts sem hafa verið unnar af vinnuhópi Landsmóts 2010. Skýrt kom fram að keppnisgreinar taka mun minni tíma en kynbótasýningar og var ekki mikill vilji stjórnarmanna að hlutur keppnisgreinanna yrði minnkaður.

Haldið verður áfram að skoða tillögur að bættu skipulagi á næstu fundum.

#### **4. Ráðstefna um Landsmót ehf.**

Áætlað er að taka umræður um Landsmót ehf á formannafundinum. SÆ, MG og ÍJ voru skipuð í undirbúningsnefnd fyrir þennan lið og er ætlað að leggja fram umræðupunkta fyrir ráðstefnuna.

Hjörný Snorradóttir mun ræða verkefni sitt um Landsmót ehf. sem byggir á viðhorfskönnunum.

Guðlaugur Antonsson ráðunautur kemst ekki en Sigurður Ævarsson mun greina frá hans máli.

Aðrir boðsgestir og þátttakendur FHB/BÍ, FT, GDLH, HÍDÍ.

Í lok formannafundar verður boðið í léttar veitingar í boði LH.

#### **5. Önnur mál**

##### **a) Knapi ársins og tilnefning knapa ársins til íþróttamanns Íslands –**

Stjórn LH hefur samþykkt breytingar á vali knapa á uppskeruhátíð hestamanna. Sá knapi sem kjörinn verður á uppskeruhátíð hestamanna verða fulltrúi LH í kjöri íþróttamanns Íslands. Árangur kynbótaknapa einn og sér mun ekki nægja til „knapa ársins“.

Nefnd valdra einstaklinga hefur hafið störf um val knapa ársins og þeirra flokka sem hafa verið verðlaunaðir hingað til.

##### **b) Fagrað**

ÍJ sagði frá niðurstöðum síðasta fundar Fagraðs.

##### **c) Bréf frá formanni sportnefndar Feif Marko Mazeland**

##### **d) Bréf frá Hestamannafélagnu Fák**

Hestamannafélagið Fákur býður stjórn LH til fundar um umsókn þeirra til þess að halda Landsmót 2012. Stjórn þiggur boðið og verður fundur 20.nóvember 2009.

Um leið verður næsti stjórnarfundur haldin í húsakynnum Fáks.

*Fleira ekki fært til bókar  
Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*